



Fundargerð

3. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 7. desember 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands?
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mán og framundan
- Önnur mál

Verkefni sl. mán og framundan

Áfangastaðastofa

Framkvæmdastjóri kynnir vinnu við undirbúning stofnunar áfangastaðastofa á landinu. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (ANR) hefur sent erindi til Landshlutasamtaka sveitarfélaganna um stofnun áfangastaðastofa. Fjöldi funda hefur farið fram á tímabilinu og mikill undirbúningur að hálfu markaðsstofa landshlutanna (MAS). Ráðuneyti hefur leitt viðræður við landshlutasamtök en Ferðamálastofa hefur komið að með línur um hlutverk og fjármagn. MAS vann tillögu um hlutverk og skiptingu fjármagns sem framkvæmdastjóri kynnir fyrir stjórn. Fallist var á þessar tillögur í meginatriðum og verið að vinna með samninga til næstu 3 ára. Heildarfjármagn til landshlutanna er óbreytt frá fyrri samningum, en fjármagn til Suðurlands frá ríkinu mun aukast með nýjum samningum ef fallist verður á fyrirliggjandi tillögur úr tæplega 27 milljónum í 33 milljónir. Auk þess standa vonir til að samningur verði einnig gerður við Íslandsstofu varðandi samstarf um markaðssetningu og honum fylgi fjármagn sem hefur ekki verið áður. Ásgerður, formaður SASS, upplýsir að stjórn SASS hafi ekki klárað að ganga frá samning við ANR á síðasta fundi stjórnar og verði málið tekið aftur upp á nýju ári.

Fjármögnun – þessa árs og næsta

2020

- Sveitarfélög – að fullu greitt
- Ríkið – er að klára greiðslur
- SASS – eftir að fá greiddan viðbótarsamning
- Aðildargjöld fyrirtækja – 77 % hafa greitt (staða 30. nóv)

2021

- Forsendur rekstraráætlunar liggja ekki að öllu leyti fyrir, þó lending sé að nást við ríkið. Verður lögð fyrir í janúar 2021.
- Verkefnastyrkir 2020 voru um 25,5 milljónir, ólíklegt að sambærilegt náist 2021.
- Mikilvægt að sækja um verkefnastyrki og er verið að vinna í því.
- Sveitarfélög (staðan 30. nóv) - 1 hafnað samningi - 8 samþykkt - 6 eftir að svara
- Starfsáætlun í undirbúningi – lögð fyrir í janúar
- Markaðsáætlun í undirbúningi – lögð fyrir í janúar
- Verkefnaáætlun (FMST, styrkir og slíkt) næsta árs – lögð fyrir í janúar

Framundan er áframhaldandi vinna við samningagerð við sveitarfélögin 15, landshlutasamtök, Ferðamálastofu og Íslandsstofu auk hugsanlegra sérverkefna.

Markaðsmál

Gjafabréf

- Fyrir jólin er í gangi innanlandsherferð á **Sunnlenskum gjafabréfum** „suðræn upplifun“ þar sem lögð er áhersla á skjáauglýsingar, samfélagsmiðla og staðarmiðla. **Vert** markaðsstofa hannaði og bjó til vefborða og skjáauglýsingu fyrir birtingar. Einnig er unnið með birtingar sem MSS átti inni frá „Komdu með“ markaðsherferð sumarsins hjá Brandenburg/Datera en þau hafa sett upp „Google ads“ áætlun og skjáauglýsingar byrjaðar að birtast í sjónvarpi. MSS setti upp Facebook herferð með sömu formerkjum, Gefðu suðræna upplifun í jólapakkann, og notum sama útlit.
- **Gjafabréf íslenskrar ferðaþjónustu** er verkefni sem Markaðsstofur landshlutanna taka þátt í en YAY, SAF og Icelandair settu sig í samband við MAS og óskuðu eftir samstarfi.

Vefsíða

Unnið áfram að **uppfærslu á vef** og samkvæmt áætlun Stefnu þá er afhending á fyrsta vef landshlutanna rétt fyrir jól og hinum 5 fljótlega í framhaldi, eftir að sá fyrsti hefur verið prófaður og villur bættar.

Samfélagsmiðlar

Birtingar undanfarið hafa miðast við almenna nálgun á áfangastaðinn.

Upplifðu.is

Vefurinn er í áframhaldandi vinnslu efnislega og tæknilega. Íslandsstofa hyggst koma inn í verkefnið með MAS sem hluta eigendur, leggja til fjármagn í upphafi til efnissköpunar auk skuldbindingar við áframhaldandi þróun og rekstrarkostnað. Auk þess munu þau sjá um markaðssetningu á

verkefninu á erlendum mörkuðum. Þá er verið að vinna að aðgangsstýringu að bakenda kerfisins til aðildarfyrirtækja og samstarfssveitarfélaga og notkunarsamningum á efni.

Framundan er áframhaldandi vinna við hönnun bakenda og samningagerð. Þá er Tjarnargatan að vinna að því að koma inn ljósmyndum af stöðunum inn í bakenda kerfisins. Einnig er verið að klára lengri þéttbýlismyndbönd en eru á upplifdu.is og klára Hreinleika myndband þar sem nú er til meira efni úr Ríki Vatnajökuls.

Rafrænar sýningar/vinnustofur

- Á **Vestnorden** átti MSS 16 fundi bókaða með fólki víðsvegar úr heiminum.
- **Ítalía** - Dagana 18.-19. nóvember fór fram rafræn vinnustofa með ítölskum ferðapjónustuaðilum. Kaupendur voru 114 og seljendur yfir 90, þar af 14 íslenskir þátttakendur. Viðburðurinn er árlegur og skipulagður í samvinnu Íslandsstofu við Innovation Norway, Visit Denmark og Visit Finland. MSS átti um 20 fundi bókaða og gekk vinnustofan mjög vel fyrir sig. Fyrirtæki voru helst að leita eftir afþreyingu, t.d. göngur og hjól.
- **Spánn** - Dagana 25. og 26. nóvember fór fram rafræn vinnustofa með spænskum ferðapjónustuaðilum en 16 íslensk fyrirtæki mættu til leiks. Yfir 200 spænskir ferðapjónustuaðilar skráðu sig og voru bókaðir tæplega 300 fundir milli kaupenda og seljenda. Í tengslum við vinnustofurnar var haldin kynning á Íslandi og fengu kaupendur tækifæri til að spyrja spurninga en um 70 manns tóku þátt í því. MSS átti um 12 fundi bókaða og gekk vinnustofan mjög vel fyrir sig. Nokkrir aðilar sem hafa selt Suðurland áður voru að leita að nýrri þjónustu á svæðinu en aðrir voru nýir og vildu bæta Íslandi í sölu hjá sér.

Samantekt af rafrænum viðburðum: Í heildina var mjög mikill áhugi á Íslandi, eins og svo oft áður, en margir telja að Ísland verði ofarlega á lista fólks yfir þá staði sem það mun vilja ferðast til eftir Covid. Helsti hópurinn sem var nefndur þarna var fjölskyldufólk. Ástæður þess eru að hér eru fáir, Ísland með gott orðspor í að takast á við Covid og hér er öruggt að vera.

Framundan er að fylgja eftir fundunum með upplýsingapósti til aðila sem MSS hitti og taka saman efni í fréttabréf fyrir póstlista á erlendan markað.

Þá er einnig framundan í markaðsmálunum í heild að vinna að markaðsáætlun fyrir 2020/2021 bæði fyrir innanlandsmarkað og erlendan. Einnig verður unnið að því að koma efni frá innanlandsátakinu „Saga og mynd“ frá fyrirtækjunum á samfélagsmiðla MSS fyrir erlendan markað.

Áfangastaðaáætlun – DMP

Unnið er að uppfærslu á Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Verkefnastjóri áætlunarinnar ásamt fulltrúum svæðanna þriggja hafa fundað vikulega síðan í haust og unnið að endurskoðun og greiningum fyrir Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Ákveðið var að halda í þá framtíðarsýn sem sett var fram árið 2018. Meginmarkmið verða einfölduð og sett saman í færri meginmarkmið. Búið er að uppfæra virðisreðu ferðapjónustunnar á Suðurlandi og helstu tölulegu gögn sem birt voru í fyrstu áætluninni. Markmiðið er að hafa útgáfuna stutta og hnitmiðaða, byggða á þeim góða grunni sem var unninn árið 2018. Búið er að skipuleggja ferlið og er áætlað að birta drög í des/jan og senda til formlegra umsagna og samþykka hjá sveitarfélögunum og umsagna hjá þjóðgörðum, Umhverfisstofnun, Köttlu jarðvangi, Minjastofnun og Skógræktinni sem dæmi. 25. nóvember sl. var haldinn opinn rafrænn fundur þar sem vinnan var kynnt ásamt því að lagðar voru fyrir spurningar fyrir fundargesti um Suðurland í heild sinni. Verið er að vinna úr þeim gögnum og verða þau notuð í uppfærða áætlun. Í framhaldi var sambærileg

könnun send á þátttakendur á opna fundinum, aðildarfyrirtæki MSS og sveitarfélög á svæðunum þremur til að sjá nánari línur niður á svæðin og verið er að vinna úr þeim gögnum líka.

Framundan er að draga saman efni af vinnustofum/fundum sl. missera, vinna að uppfærslu, verkefnaáætlun og styrkumsóknnum og samræma við markaðsáætlun MSS. Þá verður farið í umsagnarferli við sveitarfélög og aðra aðila. Framundan er einnig fundur með Ferðamálastofu vegna samninga.

Matarauður Suðurlands

Framundan er að afla fjármagns til að geta farið í framhald af fyrsta fasa verkefnisins.

MAS samstarf

Undanfarið hefur verið unnið að samningum og annarri umgjörð í tengslum við Upplifðu vefinn. Þá sérstaklega samningar við Tjarnargötuna vegna bakenda, þ.e. um dreifingu efnis og aðgang samstarfsaðila. Markmiðið er að dreifa efninu sem víðast en markaðssetning erlendis verður á höndum Íslandsstofu.

Framundan í MAS er áframhaldandi vinna við nýja vefi, upplifðu, samninga og fleira. Mannamót verður ekki haldið í óbreyttri mynd, möguleikar verða skoðaðir þegar fram í sækir. Þá er stærsta verkefnið framundan vinna að stofnun áfangastaðastofa.

Íslandsstofa

Ný herferð verður kynnt í næstu viku og hefur fulltrúi MAS í verkefnastjórn séð hana. Framkvæmdastjóri mun óska eftir kynningu fyrir opna fundinn. Þá hafa verið unnar greiningar á stöðunni, efni sent í fréttabréf Íslandsstofu sem einnig er nýtt í fréttabréf MSS. Þá eru samstarfsverkefni og fundir samkvæmt plani.

Framundan eru samningar um fjármagn til markaðssetningar til markaðsstofanna. Þá þarf að endurskoða samstarfsyfirlýsingu nema að samningar taki alfarið við. Unnið verður að PR ferðum, möguleikar skoðaðir varðandi B2B markaðssetningu, efni tekið saman í fréttabréf og innskot auk vinnslu á efni fyrir áherslur næsta árs.

Aðrir fundir / erindi

- KPMG og Ferðamálastofa kynntu sviðsmyndagreiningu, Covid áhrif og fl.
- Samtal við Samtök smærri fyrirtækja til að fylgjast með umræðu og áhrifum Covid á fyrirtækin.

Samstarfssamningur við SASS

Vinna við ráðgjöf og fleiri verkefni tengd samningi unnin á tímabilinu líkt og áður. Fulltrúar MSS tóku þátt í hluta af Haustfundi atvinnuþróunarfélaga. Undirbúningur búinn að vera á fullu fyrir Ratsjónna en Ragnhildur verður annar verkefnastjóra þess verkefnis á Suðurlandi. Ratsjónin fer af stað eftir áramótin og stendur yfir í 16 vikur. Þá hefur farið fram vinna undanfarið í kringum tillögur að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands, m.a. lagðar til hugmyndir að ferðaþjónustutengdum verkefnum. Framkvæmdastjóri lýsir yfir áhyggjum af litlu fjármagni í áhersluverkefni árið 2021, ekki virðist vera svigrúm fyrir ferðaþjónustutengd verkefni á árinu.

Framundan er Ratsjónin, vinna að áhersluverkefnatillögum, jólafundur og starfsáætlun 2021, ráðgjöf og fleira.

Önnur mál

Bókun Sveitarfélagsins Ölfuss um húsnæði Markaðsstofunnar

Grétar Ingi fór yfir umræðuna á fundi bæjarstjórnar. Stjórn MSS þakkar kærlega fyrir boðið en telur það ekki tímabært að taka slíka ákvörðun að sinni. Undangengið ár hafi verið það fyrsta í nokkur ár til að skila halla og útlit fyrir betri stöðu á þessu ári.

Vestmannaeyjar hafnað erindi um samstarfssamning við MSS

Stjórn MSS harmar að Vestmannaeyjabær sjái ekki hag sinn í þessu sunnlenska samstarfi. Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar óska þó eftir kynningu á fyrirkomulagi Áfangastaðastofu. Stjórn ræðir að fyrirtæki í Vestmannaeyjum sjái sér hag að vera í samstarfinu og framkvæmdastjóri leggur til að fundað verði með þeim fyrirtækjum til að eiga samtal um framhaldið, fari það svo að Vestmannaeyjabær kjósi að taka ekki heldur þátt í Áfangastaðastofu.

Starfsmannamál og skrifstofa

- Framkvæmdastjóri leggur til að skrifstofa verði lokuð milli jóla og nýárs og jólagjafir starfsmanna með óbreyttu sniði, stjórn samþykkir.
- Fannar á leið í fæðingarorlof frá janúar – apríl og verið að leita að starfsmanni í afleysingu.
- Stytting vinnuviku – rætt um mögulegt fyrirkomulag. Framkvæmdastjóri kynnir hvernig önnur Markaðsstofa hyggst vinna þetta með sveigjanlegum vinnutíma. Framkvæmdastjóri vinnur áfram að tillögu í samráði við starfsmenn.

Næsti fundur stjórnar

Formaður stjórnar leggur til að fyrsti fundur stjórnar á nýju ári verði vinnufundur um stefnu og samantekt á virði samstarfsins. Stjórn er sammála um það og munu framkvæmdastjóri og formaður koma með tillögu fljótlega að fundatíma í janúar.

Fundi slitið 12:20